

Jökulhlaupaannáll 1977, 1978, 1979 og 1980


SIGURJÓN RIST
Vatnamælingar, Orkustofnun

Í Jökli 26. árgangi á bls. 75 er skrá yfir jökulhlaup árunna 1974—1976. Hér birtist annáll næstu fjögurra ára.

SKAFTÁRHLAUP

1977 Hlaup nr. 12. Að kvöldi 6. febrúar hófst hlaup í Skaftá hjá vatnshæðarmælningum í Skaftárdal.

Hlaupið náði hámarki á þriðja degi þ. e. a. s. 8. febrúar kl. 15:00. Rennslíð var þá tæpir 800 m³/s. Hlaupinu var að mestu lokið eftir 5 daga. Við útreikning á hlaupinu var áætlað, hvað hefði verið í ánni, ef ekkert hlaupvatn hefði komið. Síðan var það vatn dregið frá heildarrennslinu, og hlaupvatnið þannig fundið með sæmilegri nákvæmni. Það



1. mynd. Skaftárhlaup nr. 12.

vatn sem er í ánni og stafar ekki frá jökulhlaupinu er hér nefnt „grunnrennsli“, á ensku „base flow“. Þessi hugtök eru ídulega í vatnafræðibókmenntum notuð í nokkuð annarri merkingu, þ. e. a. s. um stofn þann í ánni, sem stafar ekki af yfirborðsrennsli. Ekki myndi fært að kalla vatnið í Skaftá að frádregnu hlaupvatninu „náttúrulegt rennsli“ eða „eðlilegt rennsli“, því að hér á landi er ekkert náttúrulegra og eðlilegra en hlaupvatnið sjálft. Hlaupvatnið reyndist 228 Gl.

Vegurinn heim að Skaftárdal fór í sundur, eins og vant er í hlaupum af þessari stærð. Meðan á hlaupinu stóð fannst brennisteinsþefur víða um land, t. d. norður á Raufarhöfn og á Mæli-felli í Skagafirði 8. febrúar og í Reykjavík og norðvestur í Króksfjarðarnesi þann 9.

Hlaupið kom úr eystra ketilsiginu norðvestur af Grímsvötnum. Bessi Aðalsteinsson jarðfræðingur á Orkustofnun tók myndir úr flugvél 14. febrúar af nýjum sprungum sigsins. Engin merki um hreyfingu voru sýnileg við vestra sigið.

Hlaup nr. 13. Daga 24.—30. ágúst. Hlaupvatn 50 Gl, kom úr vestra ketilsiginu NV af Grímsvötnum.

1978 Ekkert hlaup.

1979 Hlaup nr. 14; 17.—26. september. Hámarksrennsli hjá Skaftárdal 640 m³/s og hlaupvatn 174 Gl. Hlaupið kom úr eystra ketilsiginu. Meðan á hlaupinu stóð var hlaupfarvegur inni á fjöllum